

FULLTRÚARÁÐ EIGNARHALDSFÉLAGSINS BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Fundargerð.

Aukafundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn á Berjaya Hótel Natura Reykjavík miðvikudaginn 19. mars kl. 15.00.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning.

Björn Ingimarsson stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til þessa aukafundar fulltrúaráðsins. Í upphafi máls síns lýsti stjórnarformaður fundinn lögmætan sbr. 17. gr. samþykktu EBÍ en 85% af kjörnum fulltrúum í fulltrúaráðinu eru mættir, þ.e. 33 af 39 aðilum. Þá gerði hann það að tillögu sinni að Björn Ingimarsson yrði fundarstjóri og Anna Sigurðardóttir ritari. Samþykktu fundarmenn þessa tillögu.

Þá tók Björn Ingimarsson við stjórn fundarins.

2. Rekstur EBÍ.

Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra Önnu Sigurðardóttur orðið.

Í upphafi ræddi hún í stuttu máli um stofnun Brunabótafélags Íslands og lagaumhverfi EBÍ.

Þá fór hún yfir rekstur félagsins árin 2023 og 2024 ásamt áætlun ársins 2025. Reksturinn hefur verið svipaður undanfarin ár og ávöxtun nokkuð góð á sl. ári. Horfur þokkalegar fyrir þetta ár.

Heildareignir félagsins um síðustu áramót eru um 2,9 milljarðar og ríma eignirnar vel við fjárfestingastefnu félagsins.

Heildarskuldir félagsins um sl. áramót voru 1.143 milljónir og þar af er uppfærð lífeyrisskuldbinding 966,7 milljónir. Eigið fé er 1,8 milljarðar og þar af er Sameignarsjóðurinn 829 milljón.

Þá fór hún yfir þróun lífeyrisskuldbindingarinnar sem hvílir á félaginu. Kom fram að árlegar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingarinnar fara hratt lækkandi. Einnig útskýrði hún Sameignarsjóðinn og reglur um hann og hvernig hann verður í framtíðinni eign aðildarsveitarfélaganna. Í árslok 2024 var hann 46,5% af heildar eiginfé félagsins.

Þá útskýrði hún hvernig það er hagur sveitarfélaganna að horfa til lengri tíma varðandi framtíð félagsins, þ.e. að ávaxta eignina og halda áfram ágóðahlutagreiðslum til sveitarfélaganna á meðan lífeyrisskuldbindingin lækkar og Sameignarsjóðurinn stækkar. Benti hún sérstaklega á að búið er að greiða 9,8 milljarða á núvirði út úr félaginu til aðildarsveitarfélaganna.

Þá fór hún yfir málefni Styrktarsjóðs EBÍ. Einnig ræddi hún forvarnarverkefni sem unnið er að hjá félaginu og kynnti til sögunnar nýtt forvarnarverkefni á leikskólunum en það er hann Bjössi brunabangsi.

Í lokin fór framkvæmdastjóri yfir forsögu þess að nauðsyn þótti að endurskoða samþykktir félagsins. Á aðalfundinum fyrir tæpum 2 árum var samþykkt tillaga um að skipa starfshóp sem færi yfir samþykktirnar og kæmi með tillögur til stjórnar.

Í framhaldi af aðalfundinum skipaði stjórn EBÍ starfshópin:

Ármann Kr. Ólafsson, í stjórn EBÍ

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Anna Sigurðardóttir framkvæmdastjóri EBÍ.

Niðurstaða starfshópsins var að þörf væri á heildarendurskoðun samþykktanna í ljósi þess að nauðsynlegt er talið að færa þær til nútímahorfs m.a. með tilliti til breytinga á umhverfi sveitarfélaga og EBÍ á þessum 30 árum frá því núverandi samþykktir tóku gildi.

Stjórn tók undir þetta álit og samþykkti að leggja tillögu starfshópsins að nýjum samþykktum fyrir aukafund fulltrúaráðsins sem haldinn skyldi vorið 2025.

Þá var komið að þriðja lið dagskrárinnar og gaf fundarstjóri Guðjóni Bragasyni lögfræðingi orðið en hann fór yfir þær breytingar sem starfshópurinn leggur til að verði gerðar á samþykktum EBÍ.

2. Nýjar samþykktir fyrir EBÍ.

Guðjón Bragason fór ítarlega yfir þá tillögu að nýjum samþykktum EBÍ sem liggur fyrir fundinum.

Helstu nýmæli í samþykktunum eru:

1. Framkvæmd funda fulltrúaráðs EBÍ, sem heimilt er að verði boðaðir rafrænt og einnig boðið upp á að þátttaka í fundum verði rafræn.
2. Stjórnarkjör, þar sem lagt er til að hlutfall kvenna og karla verði sem jafnast og aldrei lægra en 40%.
3. Að varamenn verði kosnir fyrir hvern aðalmann.
4. Kjörnefnd, sem stjórn EBÍ skipi til að undirbúa stjórnarkjör. Líkt og í samþykktum sambandsins er kveðið á um að þeir sem sitja í kjörnefnd séu ekki kjörgengir í aðal- eða varastjórn EBÍ.
5. Öll aðildarsveitarfélög fái seturétt í fulltrúaráði, með áheyrnar- og tillögurétt.
6. Ákvæði um atkvæðavægi á fulltrúaráðsfundum, sem miðist við eignarhlut sveitarfélags í EBÍ. Sama regla gildi einnig um breytingar á samþykktum og um slit félagsins.
7. Ákvæði 1. gr. og 5.-7. gr. eru færð í sérstakan viðauka aftast í samþykktinni. Markmið viðaukans er fyrst og fremst að halda til haga þeim ákvæðum samþykktanna er varða tilurð EBÍ og Sameignarsjóðsins ásamt því að skýra hvernig eignarhlutir skiptast nú. Er miðað við að þau ákvæði haldi gildi sínu eftir því sem við á en almennt mun ekki reyna á þessi ákvæði í daglegri starfsemi félagsins. Tilfærsla þessara ákvæða úr meginmáli samþykktanna hefur aðallega þann kost að samþykktirnar endurspeгла mun betur starfsemi félagsins eins og hún er nú, þegar þrjátíu ár eru liðin frá stofnun félagsins.

Eftir að Guðjón lauk yfirferð sinni var orðið gefið laust.

Nokkrar umræður sköpuðust og m.a. fyrirspurn um hvort talið væri að samþykktirnar stæðust löggin um EBÍ, þar sem nokkur ákvæði myndu stangast á.

Guðjón svaraði þessu og taldi svo vera og vísaði m.a. í breytingar sem hafa verið gerðar á samþykktum Lánasjóðs sveitarfélaga þrátt fyrir að lögín um lánasjóðinn séu óbreytt. Lögín um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands fjalla um stofnun félagsins en síðan eiga samþykktir að lýsa starfseminni eins og hún er á hverjum tíma. Ljóst er að starfsemi EBÍ hefur breyst á þessum 30 árum frá stofnun EBÍ og einnig hafa orðið miklar breytingar á sveitarstjórnarstiginu. Sveitarfélög hafa sameinast og héraðsnefndir hafa víða verið lagðar niður. Því töldu starfshópur um endurskoðun samþykktanna og stjórn EBÍ bæði rétt og nauðsynlegt að breyta samþykktunum.

Þá var rætt um að hægt verði að hafa leynilegar kosningar á rafrænum fundum. Þá var bent á villu í 16. grein samþykktanna þar sem síðasta setning málsgreinarinnar hljóðar svo: „Um vægi atkvæða við tillögu **um slit á félaginu** fer skv. 1. mgr. 8. gr.“ En rétt er málsgreinin svona:

„Um vægi atkvæða við tillögu um **breytingu á samþykktum** félagsins fer skv. 1. mgr. 8. gr.“

Þetta verður leiðrétt í endanlegri útgáfu samþykktanna.

Þegar ekki fleiri óskuðu eftir að taka til máls óskaði fundarstjóri eftir að bera samþykktirnar upp í einu lagi. Var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar því upp til atkvæða nýjar samþykktir fyrir EBÍ sem hafa verið kynntar og liggja hér fyrir fundinum, með þeirri breytingu á 16. gr. sem getið er að framan.

Voru samþykktirnar samþykktar samhljóða.

Ekki var fleira á dagskrá fundarins. Fundarstjóri þakkaði fundarfólki fyrir afar góða mætingu og sleit fundi kl. 16.15.

Anna Sigurðardóttir skráði fundargerð.